

Fundargerð faghóps fyrir nýjan leikskóla í Engjalandi

9. fundur faghóps fyrir nýjan leikskóla í Engjalandi, haldinn föstudaginn. 27. september 2019 í Norðursal, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, kl. 9:00.

Mætt: Tómas Ellert Tómasson, Júlíana Tyrfingsdóttir, Guðný Ingibjörg Rúnarsdóttir, Torfi G. Sigurðsson frá Mannvit, Guðrún Yngvadóttir frá ASK arkitektum, Eiríkur Steinn Búason, sem var fundarstjóri og Þorsteinn Hjartarson sem ritaði fundargerð. Atli Marel Vokes, Gunnar E. Sigurbjörnsson, Hermann Ólafsson og Óðinn K. Andersen boðuðu forföll.

- 1) Farið í síðustu fundargerð (8) frá 12. september 2019.
- 2) Skipulagsmálin. – samþykkt í bæjarstjórn 19.06 – auglýst til 22.8.2019, umsagnir bárust – bæjarstjórnarfundur 18.9. Deiliskipulagstillaga Austurbyggð 27. fundur þann 28. ágúst (mnr. 1906013)
- 3) Enn á eftir að taka tillit til þeirra umsagna sem bárust og skipulagið því ekki sent til Skipulagsstofnunar. Farið í athugasemdir sem hafa borist.
- 4) Kynning á vinnu við útboðsheimildir o.fl. sem var tekið fyrir í eigna og veitunefnd og bæjarráði. Heimild til útboðs og að gera hönnunarsmaninga liggur fyrir.
- 5) Kynning á breytingum sem hafa verið gerðar á aðaltekningu, m.a. vinnuaðstöðu kennara. Umræða um tölvuaðstöðu fyrir starfsfólk. Eldhús. Taka þarf ákvörðun um hvaða tæki eigi að vera í útboðinu. Litið á búnaðarlista. Eiríkur Steinn fer yfir listann með leikskólastjórum og leikskólafulltrúa. Uppdrættir verða sendar inn aftur byggingafulltrúa sem kemur þeim áfram til annarra umsagnaraðila.
- 6) Umræða um verklok, mögulega opnun skólans og ráðningu á leikskólastjóra. Einnig væri ágætt að gera áætlun um rekstrarkostnað.
- 7) Aflþörf, áætlanir um neysluvatn, frárennsli í kerfið o.fl. Farið í stöðu mála hvað þessa þætti varðar. Skoða þarf staðsetningu á spennustöð sem er lent utan skiðulagssvæðis.
- 8) Brunahönnun og hljóðhönnun er komin og senda þarf hljóðskýrslu til byggingafulltrúa og kanna hvort senda þurfi brunahönnunarskýrslu.
- 9) Litið á teikningu frá Hermann m.t.t. snjóbræðslu. Samþykkt í meginatriðum, gerð tillaga umviðbót á leiksvæði.
- 10) Vatnsstútur/krani við innganginn. Rætt um staðsetningu á vatnsstút í vegg, slöngu á kefli og hvort blöndunartæki eigi að vera þar.
- 11) Merkja þarf staðsetningar á skjám inn á teikningar.
- 12) Næsti fundur verður haldinn þriðjudaginn 15. október kl. 9:00

Fundi slitið kl. 10:30